

Snyrtistofa Valgerðar

Snyrtistofan verður lokuð frá og með föstudeginum 8. júlí til og með föstudeginum 5. ágúst vegna sumarleyfis.

Kveðja,
Valgerður
s: 868-9676



Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 6. júlí 2016.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
24. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 29. júní 2016



Verkalýðsfélag Þórshafnar auglýsir eftir starfsmanni á skrifstofu félagsins í 65% starf.

Hæfniskröfur: Heiðarleiki, þjónustulund og tölvukunnátta, reynsla af skrifstofustörfum er kostur. Þarf að geta hafið störf í ágúst 2016.

Starfið er nokkuð fjölbreytt og skemmtilegt, vinnutími samkomulagsatriði að einhverju leyti. Laun skv.kjarasamningi Landssambands ísl.verslunarmanna.

Umsóknnum skal skilað til skrifstofu VP Langanesvegi 18, 680 Þórshöfn eða í tölvupósti á verkthor@simnet.is fyrir 10.júlí.

Allar nánari upplýsingar veitir Kristín í síma 468 1160.

Stjórn Verkalýðsfélags Þórshafnar vill nota tækifærið og þakka núverandi starfsmanni, Kristínu Kristjánsdóttur, fyrir frábærlega vel unnin störf síðastliðin 15 ár, og óskum við henni alls hins besta í framtíðinni.

Þórshöfn 20.06 2016
Stjórn VP

Kæru íbúar Norðurþings

Ég er að gera eigindlega viðtalsrannsókn á högum innflytjenda í Norðurþingi fyrir rannsókn á vegum sveitarfélagsins og meistaraverkefni mitt í mannfræði.

Ég leita því að nokkrum innflytjendum sem hafa verið búsettir í Norðurþingi í að minnsta kosti þrjú ár og eru tilbúnir að spjalla við mig um upplifun sína af því. Fullum trúnaði við viðmælendur er heitið.

Ef þú eða einhver sem þú þekkir hafið áhuga á að taka þátt hafið þá samband við mig í skilaboðum á facebook undir nafninu Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir, í síma 867-2612 eða á netfanginu sigrunbjorga@gmail.com

To the people of Norðurþing

I'm doing a qualitative interview research on the adjustment of immigrants in Norðurþing. The study is conducted by Norðurþing as well as being a part of my master thesis in anthropology.

I am reaching out to you because I need to interview a few immigrants that have been living in Norðurþing for at least three years and are ready to share their experience with me. Full confidentiality is promised.

If you, or anyone that you know would be interested in participating you can contact me via phone 867-2612, email sigrunbjorga@gmail.com or message me on facebook, you will find me under the name Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir.

Thanks!

Framhaldsdeild Laugaskóla á Þórshöfn auglýsir; Laugaskóli mun bjóða uppá dreifnám í kjarnafögum, þ.e. stærðfræði, íslensku og ensku, næsta vetur í gegnum Menntasetrið á Þórshöfn.

Kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja hefja aftur nám eftir hlé. Einn fjarfundur er í viku í hverjum áfanga, námsaðstaða í Menntasetrinu og aðstoð frá verkefnisstjóra eftir þörfum. Einungis þarf að greiða pappírs- og innritunargjöld 12.600 kr á önn, óháð einingafjölda.

Þar sem útlit er fyrir mjög fáa nemendur næsta vetur leitar framhaldsdeildin allra leiða til að halda velli og því fólk hvatt til að hafa samband ef það hefur hug á námi sem verkefnisstjóri gæti aðstoðað fólk við að undirbúa eða sækja um. Við bjóðum fólk á aldrinum 16 - 25 sérstaklega velkomið, hvort sem er í fullan dagskóla eða nokkra áfanga meðfram vinnu. Það er ekki of seint að sækja um!

Framhaldsdeild Laugaskóla Þórshöfn
hildur@laugar.is
s. 8950834

Næstu dagsögngur Norðurslóðar

17. júlí Fossdalur í Gunnólfsvíkurfjalli 🦶
Stutt og létt ganga, tilvalin fyrir alla fjölskylduna.

13. ágúst Sléttugangan 🦶🦶
Gengið frá Raufarhöfn í Blikalónsdal og norður eftir dalnum út í Blikalón.

27. ágúst Jökulsárgljúfur að austan 🦶🦶
2. áfangi: Gengið frá Gloppu upp að Hafursstöðum.